

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Garðabæjar og Veðurstofu Íslands um
rekstur sjálfvirktrar veðurstöðvar í Urriðaholti

Garðabær kt. 570169-6109 Garðatorgi, 210 Garðabæ, hér nefnt verkkaupi, og Veðurstofa Íslands kt. 630908-0350 Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík, hér nefnt verksali, gera með sér svofelldan samning um rekstur sjálfvirktrar veðurstöðvar í Urriðaholti.

1. grein. Verkefni

Verksali tekur að sér uppsetningu og rekstur sjálfvirktrar veðurstöðvar í Urriðaholti samkvæmt fylgiskjölum GBR/VÍ 2018-01 og GBR/VÍ 2018-02, sem eru hluti af samningi þessum. Verkefnið felst annars vegar í undirbúningi og uppsetningu sjálfvirktrar veðurstöðvar og hinsvegar í rekstri stöðvarinnar, skráningu gagna, gagnavörslu og eftirliti með gæðum gagna. Miðað er við að stöðin verði komin í rekstur í síðasta lagi 30. september 2018 og verði í rekstri að lágmarki í fimm ár.

2. grein. Uppsetning

Verkkaupi velur stað fyrir veðurstöðina og sér um leyfismál fyrir uppsetningu stöðvarinnar. Verksali sér um uppsetningu stöðvarinnar, þar innifalið er öflun tækjabúnaðar, undirbúningur, samsetning tækjabúnaðar og uppsetning á mælistað. Fyrirkoma 10 m masturs fyrir mælibúnað verði samvinnuverkefni samningsaðila, en verkkaupi sjái um heimtaug og aðgang að rafmagni í mælistað og girðingu svæðisins ef til þess kemur.

3. grein. Rekstur

Verkkaupi leggur í upphafi til allan tækjabúnað í veðurstöðina.

Í rekstri veðurstöðvarinnar er fólgin umsjón með stöðinni. Hennar skal vitjað árlega eða oftar og skal þá fara fram fyrirbyggjandi viðhald og sannpröfun (kvörðun) mælibúnaðar. Ef upp koma bilanir skal miða við að stöðinni sé sinnt eins fljótt og hægt er, en eigi síðar en þremur vikum eftir að bilunar verður vart.

Verksali sér um „eðlilega“ endurnýjun mælibúnaðar á samningstímanum, en ef um umtalsverða rekstrarörðugleika verður að ræða af náttúrufarslegum ástæðum eða skemmdarverkum skulu samningsaðilar semja sérstaklega um viðbrögð og auka kostnað vegna þeirra. Gert er ráð fyrir því að við lok samningstíma sé búnaðurinn í góðu lagi og geti sinnt sínum hlutverki áfram á sama hátt og áður.

4. grein. Mælingar

Vísað er til rekstrarhandbókar verksala um framkvæmd og skráningu veðurmælinga. Eftirtaldir veðurþættir verða mældir: lofthiti, loftraki, loftþrýstingur og úrkoma í 2 m hæð yfir jörðu og vindátt og vindhraði í 10 m hæð yfir jörðu. Mælingar á öðrum veðurþáttum, svo sem geislun, jarðvegshita, jarðraka og snjódýpt verða tengdir inn á skráningartæki og gögn

vistuð með öðrum veðurgögnum, en samningurinn nær að öðru leyti ekki til þeirra mælinga. Mæligögn verða skráð, sótt og vistuð í gagnagrunn á 10 mínútna fresti, nema hvað úrkomugögn verða skráð á einnar mínútu fresti.

5. grein. Gagnavarsla

Með vísun til 3. greinar um rekstur, ábyrgist verksali gæði mæligagna og að ekki verði langar eyður í mæliröðum. Öll gögn verða varðveitt í gagnagrunni verksala, sem mun sjá um að reka grunninn og halda honum við. Verksali áskilur sér rétt til að nota og dreifa gögnum með öðrum veðurmælingum. Nýjustu gögn verða birt á vef verksala og verða þau opin og aðgengileg almenningi. Auk þess geta verkkaupi og verksali veitt rannsóknaraðilum sérstakan aðgang að öllum frumgögnum á einfaldan hátt.

6. grein. Þóknun

Verkkaupi greiðir verksala fyrir uppsetningu sjálfvirkar veðurstöðvar og er um einskiptis greiðslu að ræða. Eins og tilgreint er í fylgiskjali GBR/VÍ 2018-02 reiknast þóknun fyrir uppsetningu sjálfvirkra veðurstöðva í Urriðaholti til 25 rekstrareininga. Á verðlagi 1. janúar 2018 er jafnvirði 25 rekstrareininga samtals kr. 700.825, án VSK.

Verkkaupi greiðir verksala jafnvirði 15 rekstrareiningar á ári vegna reksturs stöðvarinnar eins og tilgreint er í fylgiskjali GBR/VÍ 2018-01. Á verðlagi 1. janúar 2018 er jafnvirði 15 rekstrareininga, samtals kr. 420.495, án VSK.

Greiðsla vegna uppsetningar verður innheimt þegar stöðin hefur verið sett upp, en greiðslur vegna reksturs koma til greiðslu tvisvar á ári, í apríl og október í fyrsta sinn á apríl 2019. Greiðslur eru á grundvelli einingarverðs þess tíma sem þær koma til greiðslu. Komi til framlengingar á samningnum, þá skal miða við að árlegur rekstrarkostnaður geti hækkað í allt að 25 rekstrareiningar, háð ástandi veðurstöðvarinnar.

Verðgildi rekstrareininga tekur mið af breytingum á þróun verðlags og launa í jöfnum hlutföllum. Þóknun á hverja rekstrareiningu 1. janúar 2018 er kr. 28.033 án VSK á ári, m.v. launavísitölu opinberra starfsmanna, ríkisstarfsmanna (233,1 stig) og vísitölu neysluverðs (446,0 stig).

Miðað við rekstur frá miðju ári 2018 til loka árs 2023 má gera ráð fyrir að heildarkostnaður vegna samnings þessa verði, á verðlagi 1. janúar 2018, kr. 2.803.300, án VSK.

Greiðsla 2018 yrði kr. 700.825, án VSK.

Greiðsla 2019 til 2023 yrði árlega kr. 420.495, án VSK (fylgir launavísitölu sbr. að ofan).

7. grein. Samskipti og endurskoðun samnings

Umsjón með framkvæmd og samstarfi samkvæmt samningi þessum skal vera í höndum samstarfsnefndar, sem skipuð skal einum fulltrúa frá hvorum samningsaðila. Verkkaupi tilnefnir Guðbjörgu Brá Gísladóttur og verksali tilnefnir Óðinn Þórarinsson. Samstarfsnefndin skal endurskoða verkefni skv. samningi þessum fyrir 1. apríl ár hvert. Það sé borið undir rannsóknaraðila s.s. Háskóla Íslands, hverju sinni. Breytingar sem nefndin leggur til, s.s. fjölgun eða fækkun mældra veðurbátta skal taka gildi 1. október sama ár.

Ákveði verkkaupi að hætta mælingum í lok samningstíma, þá getur verksali, að fengnu leyfi verkkaupa, haldið mælingum áfram, enda sé verkkaupi þá laus allra mála. Að öðrum kosti skal verksali fjarlægja mælíbúnað og mastur.

8. grein. Ágreiningur, vanefndir

Komi til verulegra vanefnda á ákvæðum samningsins, skal beiting vanefndarúrræða og riftun heimil samkvæmt almennum reglum samningaréttar.

Ef upp kemur ágreiningur um framkvæmd samningsins skulu samningsaðilar leitast við að leysa úr honum í sameiningu. Reynist það árangurslaust og rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

9. grein. Samningstími

Samningur þessi gildir frá undirritun til og með 31. desember 2023. Samningurinn fram-
lengist um ár í senn komi ekki til uppsagnar á honum, sem skal þá gert skriflega þremur mánuðum fyrir áramót.

Til staðfestu undirrita aðilar samning þennan í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum samningsaðila, og telst hvort um sig fullgilt frumrit samningsins.

Garðabær _____ 2018

F.h. Garðabæjar

F.h. Veðurstofu Íslands

Guðbjörg Brá Gísladóttir

Óðinn Þórarinsson

Vottar að rétttri undirskrift og dagsetningu:

_____ kt. _____

_____ kt. _____

**ÞJÓNUSTUSAMNINGUR
GARÐABÆJAR OG VEÐURSTOFU ÍSLANDS UM REKSTUR
SJÁLFVIRKRAR VEÐURSTÖÐVAR Í URRÍÐAHOLTÍ**

FYLGISKJAL GBR/VÍ 2018-02

REKSTUR SJÁLFVIRKRAR VEÐURSTÖÐVAR

Verknúmer	Nafn Veðurstöðvar	m y.s.	Veðurþættir	Álag	R.ein
3112-1-1474	Urriðaholt	~25	t,f,rh,p,r +x		30/2
				Samtals:	15

ÁRLEG ÞÓKNUN FYRIR MÆLDA VEÐURÞÆTTI, FJÖLDI REKSTRAREININGA

	Veðurstöð, grunnþættir	15
t	Lofthiti	
f	Vindhraði og vindstefna	
rh	Loftraki	2
p	Loftvog	3
r	Úrkoma	5
x	Álag vegna endurnýjunar mælitækja	5
	Samtals:	30

Samningur þessi er frábrugðin öðrum samningunum um rekstur sjálfvirkra veðurstöðva að því leyti að afskriftir tækjabúnaðr reiknast ekki á fimm ára samningstíma. Reiknuð þóknun, 30 einingar, helmingast því niður í 15 einingar. Að loknum samningstíma reiknast fullar afskriftir, en álag vegna endurnýjunar mælitækja dettur út. Því verður árlegur rekstrarkostnaður 25 rekstrareiningar, komi til framlengingar eftir 2023.

**ÞJÓNUSTUSAMNINGUR
GARÐABÆJAR OG VEÐURSTOFU ÍSLANDS UM UPPSETNINGU
SJÁLFVIRKRAR VEÐURSTÖÐVAR Í URRIÐAHOLTÍ**

FYLGISKJAL GBR/VÍ 2018-01

UPPSETNING SJÁLFVIRKRAR VEÐURSTÖÐVAR

Verknúmer	Nafn Veðurstöðvar	m y.s.	Veðurþættir	Álag	R.ein
3112-1-1474	Urriðaholt	~25	t,f,rh,p,r		25
				Samtals:	25

*UPPSETNING Á SJÁLFVIRKRI VEÐURSTÖÐ. KOSTNAÐUR
VIÐ HEIMTAUG RAFMAGNS EÐA GYRÐINGU EKKI INNIFALINN*

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026